

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

2. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 28. janúar 1994 kl. 14:00.

Formaður setti fund og bauð alla velkomna.

Mættir voru: Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Sigfús Guðmundsson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Kristján Auðunsson auk framkvæmdastjóra Sigurðar Þórhallssonar.

Halldór Gunnarsson boðaði forföll, komst ekki vegna óveðurs. Siðar birtist Stefán Erlingsson og einnig siðar Kristmundur Halldórsson. Um kl. 16:00 kom Águst Oddsson.

## 1. Fjórðungsmót á Austurlandi '95.

Jón Bergsson reifaði þau mál. Fram að þessu hafa Freyfaxi og Hornfirðingur skipst á um að halda þessi móti, en nú eru raddir frá hinum smærri félögum um að fá að vera með. Jón lagði til að forsvarsmenn félaga í fjórðungnum hittust og ræddu þessi mál. Stjórn L.H. kemur bréflega á fundi fjórðungsráðanna, eins og segir í 2. gr. um reglur lands- og fjórðungsmóta. Samþykkt að Jón Bergsson sé okkar málshefjandi á fyrsta fundi og komi honum á, en okkar framkvæmdastjóri i samráði við Jón skrifi bréf og komi á fundi.

## 2. Landsmót '94.

Sigfús upplýsti það mál, á góðu ráli. Búið er að halda fund með þeim Búnaðarfélagsmönnum m.t.t. kynbótasýninga og val þeirra hrossa inn á móti. Lágmarkseinkunnir ráða, en ekki fjöldi. Byrjað verður að kynbótadæma þriðjudaginn 28. júní. Forskoðun verður trúlega á skemmti tíma en áður. Ákv. að á Landsmótinu verði upplýsingafulltrúi með séraðstöðu er miðli til útlendinga. Ný staða er komin upp varðandi vœtanlega kvíkmynd af mótinu, sömu aðilar og tóku nýlega að sér "Hestinn okkar", Skjaldborg h.f. vilja vera með í spilinu. Nú er leitað tilboða í verkið og há ræðst hver hnossið fær og verður það ekki samþykkt nema með okkar samþykki. Mótin eru til fram að þessu á filmu hér, nema smábútar af mótinu '50 og ekkert frá '62. Veitingar verða boðnar út og tölvumál eru í gangi.

## 3. Stöðusþýrsla frá tölvunefnd.

Kristján Auðunsson lagði fram skýrslu um gang mála. Spurning er hvort ekki gæti verið ráð að hafa samvinnu um hugbúnað og forrit i samráði við HIS, þannig að bæði íþróttar og gæðingadómar rúmuðust í þeim forritum sem skrifa á, og gæti i þessu verið mikill sparnaður. Stjórn sammála um að vinna þessi mál í samvinnu við HIS.

## 4. Leigusamningur um útgáfu á "Hestinum okkar".

Guðmundur Jónsson greindi frá nýlegum samningi við Skjaldborg h.f. um útgáfu "Hestins okkar" næstu 3 árin a.m.k. Samningurinn gildir frá 1.1. '94 til 31.12. '96 með 1. árs uppsagnarfresti. Sex blöð koma út á ári. L.H. fær 2 siður til umráða í hverju blaði, getur notað það til auglýsinga og óbeinna tekna. (Gæti verið um 600þús. á ári ef allt gengur upp). Útgáfan er á ábyrgð Skjaldborgar. Gunnar Gunnarsson kom og hitti Sigurð Þórhallsson fyrir

nokkrum dögum og lagði fram áskrifendalistann. Hann hefur ekki hug á að gefa út 5. og 6. tölublað fyrir '93. A "diskettunni" eru um 1823 nöfn áskrifenda. Þessar vanefndir Gunnars í útgáfunni rýra verulega gildi áskrifendaskrár og ýmsir á því að við eignum að gera kröfu til hans varðandi bætur. Akv. að kalla Gunnar til fundar og ræða málin (Guðm. Sigfús og Guðbrandur).

**5. Aframhald á skipun starfsnefnda.**

Fundurinn valdi eftirfarandi aðila í starfsnefndir L.H. til eins árs:

**Ferða- og umhverfismálanefnd:**

Formaður kynnti starfssvið nefndarinnar.

Ottar Kjartansson, Stefán Erlingsson, Guðrún Fjeldsteð, Þórður Ólafsson formaður og Einar Bollason.

**Nefnd um úthlutun reiðvegafjár. Reiðveganefnd.**

Sigurður Þórhallsson lagði fram frestun á nefndarskipan til næsta stjórnarfundar m.a. með t.t. að þá liggur ýmislegt ljósar fyrir t.d. verður þá Sigriður Sigþ. búin að leggja fram sína reiðvegaáætlun. Einnig vill Sigurður þ. að pressa verði lögð á þingmenn Suðurlands með aukafjárveitingu v. Landsmóts. Töluverðar umræður urðu um vegamál, reiðgvegi og stöðu hestamanna. Einnig var rætt um eins og á síðasta fundi hvort brjóta eigi upp hefðbundnar úthlutunarleiðir, menn sjá þetta ekki allt með sömu augum. Stefnt að því að ræða þetta frekar á næsta fundi.

**Millibínganefnd varðandi sameiningu L.H. og HÍS.**

Guðmundur lagði til að við skipuðum í þetta 3 menn. Hann lagði til:

Kára Arnórsson, Guðbrand Kjartansson og svo annað hvort Guðmund Sigurðsson Hvanneyri eða Skúla í Skarði. Akv. að frá okkar hálfu verði það Kári, Guðbrandur og Skúli. Nefndin kýs sér formann.

**6. Staða L.H. um áramót.**

Virðumst hafa verið réttu megin við strikið árið '93. Skuld um áramót rúm 600kús, en útistandandi og á bók rúm milljón. Mismunur 400kús. í plús. Lausafjárstaðaum um þessar mundir er ekkert sérlega góð en með vorinu vænkast vonandi hagur strympu. Staðan í heild ekkert verri en vanalega að mati framkvæmdastjóra og staða á svipuðu róli og fyrir ári. Sigfús ræddi nokkuð samstarf eða skort á því varðandi HÍS og að það hefði aldrei orðið eins og til var sáð.

**7. Samstarf L.H. og HÍS um skrifstofuhjónustu o.fl.**

Guðmundur greindi frá des. fundi sem heir Guðbrandur áttu við Jón Albert og Einar Ragnarss. varðandi skuldagreiðslur HÍS til L.H. o.fl. Greiðist þær upp á útmánuðum. Sú hjónusta sem heir fá frá okkur er:

- 1) Undirbúningur v. ársþinga, umsjón með sportkortum og aðg. að skrám. Fyrir þetta greiði heir 200kús. á ári.
- 2) Til unglingsstarfs greiði heir '94, 350kús.
- 3) Svo og greiði heir 40% af kostnaði við sameiginlegar nefndir s.s. mótanefnd, lyfjanefnd og nefndum sameiningarmála. Sigfús leggur til að sú hjónusta sem heir fá frá L.H. verði greidd eftir reikningi.

Töluverðar umræður urðu um samskipti L.H. og HÍS. Kristján Auðunsson skýrði nokkuð ástæður fyrir því að HÍS færði sig í auknum mæli inn á skrifstofu ISI i Laugardal, en þar voru þeir í hættu með að missa húsnæði vegna vannotkunar. Guðmundur og Sigurður skýrðu samskiptamál sambandanna frá upphafi. Ákv. að ræða frekar við HÍS um komandi samstarf og reyna að koma samstarfsmálunum frekar á hreint. Einnig að halda sameiginlegan stjórnarfund og skiptast á skoðunum.

8. **Reiðvegaáætlun, starfslok Sigriðar Sigþórsdóttur og vantanlegur fundur með trúnaðarmönnum L.H. um reiðvegamál.** Þegar hún lýkur störfum verur haldinn fundur, boðið verði umdæmisverkfraðingum Vegagerðarinnar. Sigurður greindi nánar frá verki Sigriðar. Lagði fram bréf L.H. til Skipulagsstj. ríkisins dags. 1.10.93. Afrit var sent til allra sveitastjórna í landinu. Svarbréf Stefán Thors skipulagsstj. fylgir dags. 24.11.93. Hann greindi og frá vinnu Sigriðar varðandi stór-Reykjavíkursvæðið en hún skilaði því á nýlegum fundi með reiðvegafulltrúum þessa svæðis.
9. **Fundur v. vegamála.** Guðmundur J. greindi frá nýlegum fundi með vegamálastjóra og Jóni Rögnvaldssyni (fór ásamt Guðbrandi og Sigurði). Aðalerindi var v. bréfs frá Andvara, varðandi reiðleið frá Vífilsst. til Hafnarfjarðar en á hluta þess vegar er nú komið bundið slitlag og illfært hestamönnum. Hvað út úr þessum fundi kom skal ósagt látið. Timinn leiðir það í ljós en Vegagerðin er tilbúin að leggja e-ð fé i þetta ef aðrir komi til og vísa að venju yfir til bæjarfélaganna. Sigurður greindi frá fundi í Andvara með formönnum hestamannafél. á svæðinu og reiðveganefndar í Kjalarnesþingi hinu forna. Hins vegar var ákveðið á þessum fundi að form. fél. færð bónleið í þessu málí til samgöngumálaráðherra. Töluverðar umræður urðu um reiðvegamálin, samskipti ríkis og sveitarfélaga gagnvart hestamönnum og fleira. Aframhaldandi umræður verða um þetta á næsta fundi.
10. **Guðmundur Jónsson lagði fram skýrslu frá eskulýðsnefnd.** Er þar komið inn á margt, ýmislegt með öðru sniði en verið hefur en góð skilgreining kemur fram á hlutverki nefndarinnar, frá hennar hálfu. Verulegar umræður urðu um þessa skýrslu og menn alls ekki á eitt sáttir, en aðkallandi að koma þessum málum á hreint í samráði við HÍS.
11. **Guðmundur lagði fram bréf frá formanni FEIF.** Aðalfundur verður hér mánudag eftir Landsmót og 25 ára afmælishóf þess um kvöldið. Fulltrúafundur verður 4. júlí á Hótel Sögu. Kveður Sigurð Ragnarsson hafa þetta á hreinu. Sigurði Þórhallssyni falið að kanna það. Móttaka áætluð í Ráðhúsinu 4. júlí, veisla í Viðey um kvöldið, Vigdísí forseta boðið og fálkaorðan hengd á Marit Jonsson. Við erum í bréfinu beðnir um matseðil fyrir kvöldið og pris þar á, biður um boðslista, hverjir verði hinir íslensku boðsgestir. Vill fá tjálðaðstöðu á Landsmótinu o.fl. Sigurði falið að kanna og annast þessi mál til hlitar.

**12. Skipan keppnisnefndar verður sem hér segir:**  
Agúst Oddsson, Olil Amble, Eyjólfur Ísólfsson, Kristbjörg Eyvindsdóttir, Ragnar Petersen, Þorvaldur Sveinsson, Magnús Lárusson, Erling Sigurðsson, Atli Guðmundsson og Sigurbjörn Bárðarson. Nefndin kýs sér formann.

**13. Mótaskrá.**

*Sigbjörn Björnsson lagði fram drög að mótaskrá og óskar eftir athugasemdum sem fyrst, vart hafði hann sleppt orðinu fyrr en stórmótamenn frá Hellu mótmæltu harðlega sinu óskráða móti.*

**14. Lyfjaeftirlit.**

*Örlitlar umræður urðu um lyfjaeftirlit varðandi tillögu sem fram kom á síðasta landsþingi. Visast til framkvæmdaneftndar L.H.*

*Guðbrandur Kjartansson*

*Guðmundur Jónsson  
Agúst Oddsson  
Sigbjörn Björnsson  
Sigfús Guðmundsson*

*Kristján Auðunsson  
Kristmundur Halldórsson  
Stefán Erlingsson*